

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um raforkumál á Vestfjörðum.

Frá Teiti Birni Einarssyni.

1. Hvernig hafa stjórnvöld fram til þessa fylgt eftir þingsályktun Alþingis nr. 26/148 frá 2018 um að Vestfirðir séu eitt þriggja svæða í forgangi þegar kemur að uppbyggingu flutningskerfisins og að tryggja afhendingaröryggi raforku?
2. Hvaða tillögum í skýrslu starfshóps um raforkumál á Vestfjörðum sem kom út í apríl sl. hefur ráðherra nú þegar hrint í framkvæmd? Hvaða tillögur telur ráðherra brýnast að ráðast í og ljúka? Hvenær er áætlað að þeim verði að fullu framfylgt?
3. Telur ráðherra það fýsilegt að lyfta friðlýsingarskilmálum friðlandsins í Vatnsfirði, eins og starfshópurinn leggur til, svo að hægt sé að taka Vatnsfjarðarvirkjun til umfjöllunar í áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun), eða öðru því regluverki sem Alþingi kann að ákveða varðandi mögulega virkjunarkosti?
4. Ef áform stjórnvalda um að treysta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum taka ekki til hagkvæmra og umhverfisvænna virkjunarkosta á Vestfjörðum, hvernig munu stjórnvöld þá tryggja fullnægjandi úrbætur á raforkumálum Vestfjarða?

Skriflegt svar óskast.